

Til handhafa útboðsgagna nr. 14799 – Sameiginleg akstursþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu

Málefni: Viðauki 2 við ofangreind útboðsgögn.

Eftirfarandi fyrirspurnir hafa borist og eru svör Strætó bs. við þeim hér fyrir neðan.

Fyrirspurn 1:

Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) eru samtök sem starfa fyrir fyrirtæki sem starfa í ferðaþjónustu. Þeim er ætlað að gæta heildarhagsmuna fyrirtækjanna í ferðaþjónustu. Félagsmenn SAF eru meðal annars hópferðafyrirtæki.

Hópferðafyrirtæki hafa bent SAF á að Útboð, nr. 14799, um sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Þar óskar Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar (kaupandi) eftir tilboðum í fyrrgreinda þjónustu samkvæmt útboðsgögnum. Um er að ræða almennt útboð á EES svæðinu og hvaða fyrirtæki sem er getur lagt fram tilboð.

Eftir að hafa farið yfir útboðskilmála vill SAF koma með eftirfarandi athugasemdir við útboðsskilyrðin.

Í ljós þeirra fordæmalausu aðstæðna í öllum heiminum verður að benda á að opnunartíminn og tilboðsfresturinn sem rennur út 7. maí nk. kl. 10:00 er of knappur. Tíminn er of knappur fyrir alla tilboðsgjafa nema þann sem sinnir þjónustunni í dag. Fresturinn væri eðlilegur ef það væru eðlilegar aðstæður í heiminum. Við núverandi ástæður er erfitt að sjá að nokkurt fyrirtæki geti uppfyllt þau skilyrði sem koma fram í útboðslýsingunni, sjá nr. 0.10.3 í útboðslýsingunni. Þar kemur fram að þjóðendur þurfa að hafa yfir að ráða nægjanlegum fjölda sérútbúinna hópferðabifreiða sem uppfylla ákveðnar kröfur sem kemur nánar fram í útboðsgögnum. Í ljósi heimsfaraldurs Kórónaveiru er nánast ómögulegt að sjá það fyrir hvernig fyrirtæki í þessum geira eigi að geta nálgast þær vörur sem uppá vantar fyrir þau til að taka þátt í útboðinu. Markaðir heimsins liggja annað hvort niðri eða eru verulega brenglaðir varðandi vöru og þjónustu. Ekki er hægt að fjárfesta í vörum þegar þetta óvissu ástand er til staðar.

Einnig vill SAF benda á skilyrði 0.10.2 um skuldleysi gagnvart opinberum gjöldum. Í því samhengi er bent á að mörg fyrirtæki hafa fengið frest á gjalddögum opinberra gjalda og því ekki staðið í skilum á þeim vettvangi.

Að því sögðu þá er það næstum ómögulegt fyrir fyrirtæki að uppfylla kröfurnar sem koma fram í útboðinu miðað við núverandi ástand í heiminum.

SAF óskar því eftir því að hætt verði við núverandi tímasetningar í útboðinu og opnunartíma og tilboðsfresti verði seinkað um eitt ár eða þar til núverandi ástand verði lokið og skoðað verði hvort framlengja eigi ekki núverandi samning við þjónustuaðila um þessa þjónustu.

Það getur gefið fyrirtækjum sem vilja taka þátt í útboðinu aukið svigrúm að vera betur undirbúin fyrir útboðið að ári til að uppfylla almenn skilyrði útboðsins. Miðað við núverandi ástand í heiminum þá getur það tekið fyrirtækið allt að 6 til 8 mánuði að nálgast mögulega búnað til að uppfylla skilyrðin enda eru allt aðrar aðstæður í heiminum nú en þegar ákveðið var að ráðast í

útboðið á sínum tíma. Við eðlileg markaðs og efnahagsleg aðstæður í heiminum væri mögulegt að uppfylla skilyrðin á svo stuttum tíma en í dag er það algjörlega ómögulegt.

Svar 1:

Strætó bs. hefur mótttekið erindi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF), dags. 27. apríl sl., þar sem óskað er eftir því að hætt verði við núverandi tímasetningar í útboði byggðasamlagsins á sameiginlegri akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu.

Að gefnu tilefni skal upplýst að núverandi fyrirkomulag á ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu rennur sitt skeið þann 1. júlí nk., en þá mun Hafnarfjarðarkaupstaður hætta þátttöku í samstarfi um rekstur þjónustunnar á vegum Strætó bs. Útboð á þjónustunni og þeir tímastærir sem fram koma í útboðsskilmálunum taka m.a. mið af yfirvofandi breytingum á fyrirkomulagi þjónustunnar.

Vegna athugasemda SAF við einstakar greinar útboðsskilmálanna er jafnframt rétt að eftirfarandi upplýsingum verði komið á framfæri.

Athygli er vakin á því að samkvæmt gr. 0.10.3 í skilmálum útboðsins er gerð krafa um að bjóðendur þurfi að hafa yfir að ráða nægjanlegum fjölda hópferðabifreiða, sem uppfylla kröfur útboðsgagna. Í því sambandi er athygli SAF vakin á því að í útboðsgögnum er ekki gerð krafa um að bjóðandi hafi yfir að ráða fyrirhuguðum heildarfjölda hópferðabifreiða við upphaf aksturs, heldur skal bjóðandi hafa yfir að ráða a.m.k. 25 sérútbúnum hópferðabifreiðum frá 1. júlí 2020 og 45 bifreiðum frá 1. september 2020. Þá gera útboðsskilmálar jafnframt ráð fyrir að fyrsta ár samningstímans, eða til og með 30. júní 2021, geti bjóðandi til bráðabirgða notast við hópferðabifreiðar sem ekki fullnægja kröfum útboðsskilmála um lyftubúnað og myndavélakerfi. Hefur bjóðandi sem valinn er til samningsgerðar því eitt ár til að útvega endanlegan fjölda sérútbúinna hópferðabifreiða til þjónustunnar.

Á það er jafnframt bent að fleiri en einum aðila er heimilt að skila sameiginlegu tilboði og uppfylla þar með sameiginlega kröfur útboðsskilmála um fjölda sérútbúinna hópferðabifreiða.

Þá er athygli vakin á að í gr. 0.10.2 er ekki gerð krafa um skuldleysi opinberra gjalda, heldur er gerð krafa um að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld. Hafi bjóðandi fengið samþykki viðkomandi yfirvalds á greiðslufresti opinberra gjalda er eðlilegt að því sé skilað með tilboði ásamt yfirlýsingu um skuldastöðu.

Með vísan til alls framangreinds getur Strætó bs. ekki orðið við beiðni SAF um að fresta framkvæmd útboðsins.

Vinsamlega athugið að viðauki þessi er hluti framangreindra gagna.